

1905010



## Héraðssambandið Skarphéðinn

Engjavegi 48, Selfossi - Sími 482 1189 - Fax 482 2909  
Netfang: hsk@hsk.is - Veffang: www.hsk.is

Selfossi 28. apríl 2019

*Sent til sveitarstjórna og héraðsnefnda á sambandssvæði HSK*

Á 97. héraðsþingi Héraðssambandsins Skarphéðins, sem haldið var á Laugalandi 14. mars sl., voru eftirfarandi tillögur samþykktar, sem var m.a. beint til sveitarstjórna og héraðsnefnda á sambandssvæði HSK.

### **Þakkir til héraðsnefnda og sveitarfélaga**

97. héraðsþing Héraðssambandsins Skarphéðins, haldið á Laugalandi í Holtum, 14. mars 2019, þakkar sveitarstjórnunum og héraðsnefndum á sambandssvæði HSK fyrir mikilvægan stuðning á árinu.

### **Aukið fjárframlag til íþróttamála**

97. héraðsþing Héraðssambandsins Skarphéðins, haldið á Laugalandi í Holtum, 14. mars 2019, skorar á bæjar- og sveitastjórnir á sambandssvæðinu, að hlúa áfram að barna- og unglíngastarfi og styðja vel við starf íþróttafélaganna með auknum fjárframlögum til reksturs íþróttafélaga og niðurgreiðslum æfingagjalda barna og unglínga. Enn fremur hvetur þingið ríkisvaldið til þess að styðja með myndarlegum hætti við starf íþróttahreyfingarinnar og standa vörð um starfsemi hennar.

### **Ungmenna- og skólabúðir**

97. héraðsþing Héraðssambandsins Skarphéðins, haldið á Laugalandi í Holtum, 14. mars 2019, fagnar ákvörðun UMFÍ um að flytja hluta starfsemi sinnar á Laugarvatn í sumar og opna þar Ungmenna- og tómstundabúðir UMFÍ næsta haust. Þingið skorar á sveitarfélög á sambandssvæðinu að gera ráð fyrir þátttöku allra 9. bekkínga á Suðurlandi í fjárhagsáætlun. Enn fremur ber að fagna að íþrótt- og ungmennafélög fái tækifæri til að nýta sér aðstöðuna á svæðinu.

Þinggerð og ársskýrslu sambandsins má sjá á [www.hsk.is](http://www.hsk.is) undir liðnum fundargerðir.

*Hjálagt:*

Ársskýrsla HSK 2018

Kærar kveðjur,  
f.h. stjórnar HSK,

Engilbert Olgeirsson  
framkv.stj. HSK.